

**Alþjóðasamþykkt
um menntun og þjálfun,
skírteini og vaktstöður sjómanna, 1978,
með breytingum frá 1995.**

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, 1978

AÐILAR AÐ ÞESSARI SAMÞYKKT,

ÆSKJA ÞESS að auka öryggi mannlífa og eigna á sjó og varnir gegn mengun lífríkis sjávar með því að samþykkja alþjóðastaðla um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna,

TELJA að þessu marki megi best ná með því að gera alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna,

HAFARORDIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

I. gr.

Almennar skyldur samkvæmt samþykktinni

1. Aðilar skuldbinda sig til að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar og viðaukans við hana sem er óaðskiljanlegur hluti samþykktarinnar. Sérhver tilvísun til samþykktarinnar er jafnframt tilvísun til viðaukans.
2. Aðilarnir skuldbinda sig til að láta öll lög, úrskurði, fyrirmæli og reglugerðir öðlast gildi og framkvæma allt það annað, sem er nauðsynlegt til þess að samþykktin fái fullt og raunverulegt gildi svo tryggja megi með hliðsjón af öryggi mannlífa og eigna í sjó og varna gegn mengun lífríkis sjávar að sjómenn um borð í skipum séu hæfir til starfa sinna.

II. gr.

Skilgreiningar

Í samþykkt þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé sérstaklega tekið fram:

- a) „aðili“, ríki þar sem samþykktin hefur öðlast gildi;
- b) „stjórnvöld“, ríkisstjórn aðila sem veitir skipi rétt til að sigla undir sínum fána;
- c) „skírteini“, skjal sem er í gildi, hvaða nafni sem það nefnist, gefið út af eða með heimild stjórnvalda eða viðurkennt af þeim og heimilar skírteinishafa að takast á hendur störf svo sem tilgreint er í skírteininu eða heimilað er samkvæmt innanlandsreglum;
- d) „skírteinishafi“, réttmætur handhafi skírteinis;
- e) „stofnunin“, Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO);
- f) „framkvæmdastjóri“, framkvæmdastjóri stofnunarinnar;
- g) „skip sem siglir á opnu hafi“, skip annað en það sem siglir eingöngu á innlendum vatnaleiðum eða í landvari, eða á svæðum nærri landvari, eða þar sem hafnareglur gilda;

- h) „fiskiskip“, skip sem notað er við að veiða fisk, hval, sel, rostung eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins;
- i) „alþjóðaradlóreglugerðin“, reglur um fjarskipti, sem eru viðauki við, eða sem taldar eru vera viðauki við nýjustu alþjóðafjarskiptasamþykktina sem er í gildi á hverjum tíma.

III. gr. *Gildissvið*

Samþykktin gildir um sjómenn sem starfa um borð í skipum sem sigla á opnu hafi og eiga rétt á að sigla undir fána aðila, nema þeirra sem starfa um borð í:

- a) herskipum, aðstoðarskipum sjóherja eða öðrum skipum í eigu eða útgerð ríkis sem eru eingöngu starfrækt í þjónustu hins opinbera og ekki í atvinnuskyni; þó skal hver aðili tryggja, með því að gera viðeigandi ráðstafanir sem hindra þó ekki starfsemi eða starfsgetu þessara skipa í eigu eða útgerð hans, að áhafnir þeirra uppfylli ákvæði samþykktarinnar að svo miklu leyti sem það telst eðlilegt og hagkvæmt;
- b) fiskiskipum;
- c) skemmtibátum sem eru ekki gerðir út í atvinnuskyni; eða
- d) tréskipum af frumstæðri gerð.

IV. gr. *Upplýsingamiðlun*

1. Aðilar skulu veita framkvæmdastjóranum, svo fljótt sem auðið er:

- a) upplýsingar um efni laga, fyrirmæla, skipana, reglugerða og annarra gerða sem gefnar hafa verið út og snerta hin ýmsu mál sem samþykktin tekur til;
- b) ítarlegar upplýsingar, þar sem slíkt á við, um námsefni og námstíma, ásamt prófum og öðrum skilyrðum fyrir sérhverju skírteini sem gefið er út í samræmi við samþykktina;
- c) nægjanlegan fjölda af sýnishornum af skírteinum sem gefin eru út í samræmi við samþykktina.

2. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðilum um allar upplýsingar sem honum hafa verið veittar í samræmi við a-lið 1. mgr. og skal hann auk þess í samræmi við ákvæði IX. og X. gr., sé þess óskað, veita þeim allar þær upplýsingar sem honum hafa borist samkvæmt ákvæðum b- og c-liðar 1. mgr.

V. gr. *Aðrir samningar og túlkun þeirra*

1. Allir fyrri samningar, samþykktir og ráðstafanir sem tengjast menntun og þjálfun, skírteinum og vaktstöðum sjómanna og í gildi eru milli aðilanna skulu áfram halda fullu gildi út samningstíma sinn viðvíkjandi:

- a) sjómönnum sem samþykkt þessi gildir ekki um;
 - b) sjómönnum sem samþykkt þessi gildir um en í málum sem samþykktin hefur ekki nein sérstök ákvæði um.
2. Að því marki þó sem þessir samningar, samþykktir eða ráðstafanir stangast á við ákvæði samþykktarinnar skulu aðilarnir endurskoða skuldbindingar sínar samkvæmt slíkum samningum, samþykktum og ráðstöfunum í þeim tilgangi að tryggja að þessar skuldbindingar stangist ekki á við kvaðir samþykktarinnar.
3. Öll mál sem ekki er sérstaklega kveðið á um í samþykktinni eru áfram háð lagasetningu aðila.
4. Ekkert í samþykktinni skal brjóta á bága við hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 2750 C(XXV) né núverandi- eða framtíðarkröfur og lagalega túlkun einhvers ríkis á hafréttarlögum og hvers eðlis landhelgi strand- eða fánaríkis er eða stærð hennar.

VI. gr.

Skírteini

1. Skírteini fyrir skipstjóra, yfirmenn eða undirmenn skal gefa út til þeirra umsækjenda sem fullnægja, að mati stjórnvalda, skilyrðum um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun og þjálfun, hæfi og próf í samræmi við viðeigandi ákvæði í viðauka við samþykktina.
2. Skírteini fyrir skipstjóra og yfirmenn sem gefin eru út í samræmi við þessa grein skulu árituð af útgáfustjórnvöldum í því formi sem lýst er í reglu I/2 í viðaukanum. Ef tungumál skírteinisins er ekki enska þá skal vera á skírteininu þýðing á ensku.

VII. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Skírteini sem veitir rétt til að takast á hendur störf á því starfssviði sem samþykktin krefst skírteinis fyrir og sem gefið var út af samningsaðila áður en samþykktin tók gildi hjá honum í samræmi við lög hans eða alþjóðaradlóreglugerðina skal viðurkennt í gildi eftir að samþykktin hefur öðlast gildi hjá þessum aðila.
2. Eftir að samþykktin hefur öðlast gildi hjá aðila mega stjórnvöld hans halda áfram að gefa út skírteini í samræmi við fyrri starfsvenjur, en þó ekki lengur en í fimm ár. Slík skírteini skulu viðurkennd í gildi í skilningi samþykktarinnar. Á þessum aðlögunartíma skal aðeins gefa út þessi skírteini til sjómanna sem hófu störf sín á sjó áður en samþykktin öðlaðist gildi hjá þeim aðila á því starfssviði um borð í skipi sem skírteinin tengjast. Stjórnvöld skulu tryggja að allir aðrir umsækjendur um skírteini gangist undir próf og fá skírteini í samræmi við samþykktina.
3. Aðila er heimilt innan tveggja ára frá gildistöku samþykktarinnar hjá honum að gefa út skírteini til sjómanna sem hvorki eiga viðeigandi skírteini samkvæmt samþykktinni né skírteini gefið út samkvæmt lögum aðilans fyrir gildistöku samþykktarinnar hjá honum, en sem hafa þó:
 - a) unnið störf ekki skemur en í þrjú ár til sjós á síðastliðnum sjö árum fyrir gildistöku samþykktarinnar hjá aðilanum á því starfssviði sem þeir sækja um skírteini fyrir;

- b) lagt fram sannanir fyrir því að þeir hafi á fullnægjandi hátt leyst störf sín af hendi;
- c) fullnægt kröfum stjórnvalda um heilbrigði, að meðtalinni sjón og heyrn, með hliðsjón af aldri umsækjanda þegar sótt er um.

Að því er varðar samþykktina skal telja skírteini sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar jafngild skírteinum sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar.

VIII. gr. *Undanþágur*

1. Ef brýn nauðsyn krefur mega stjórnvöld gefa út undanþágu, telji þau að slíkt valdi ekki hættu fyrir menn, eignir eða umhverfi, sem heimilar tilteknum sjómanni að gegna stöðu sem hann hefur ekki tilskilin skírteini fyrir um borð í tilteknu skipi í tiltekinn tíma sem ekki er lengri en sex mánuðir, þó ekki stöðu fjarskipta- eða loftskammtamanns en þó eins og viðkomandi alþjóðaradío-reglugerðir heimila, að því tilskildu, að sá sem undanþáguna fær sé fullhæfur að mati stjórnvalda til þess að annast þetta starf á öruggan hátt. Þó skal ekki veita skipstjóra né yfirvélstjóra undanþágur nema í neyðartilvikum og aðeins í sem skemmstan tíma.

2. Undanþágu til að gegna stöðu skal aðeins veita manni sem hefur full réttindi fyrir næstu lægri stöðu. Þar sem samþykktin krefst ekki skírteina fyrir næstu lægri stöðu má veita manni undanþágu sem hefur hæfileika og reynslu að mati stjórnvalda og sem augljóslega jafngilda þeim skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu stöðunnar að því tilskildu þó að ef umræddur maður hefur engin tilskilin réttindi þá skal hann skyldur til þess að standast próf sem stjórnvöld samþykkja til þess að sýna fram á að þessa undanþágu megi veita að skaðlausu. Að auki skulu stjórnvöld tryggja, að stöðuna fái, svo fljótt sem auðið er, maður með tilskilin réttindi.

3. Aðilar skulu svo fljótt sem auðið er eftir 1. janúar ár hvert veita framkvæmdastjóranum upplýsingar um heildarfjölda undanþága sem veittar hafa verið fyrir hverja stöðu á skipum sem sigla á opnu hafi og krafist er skírteina fyrir ásamt upplýsingum um heildarfjölda þessara skipa, yfir og undir 1600 brúttórúmllestum.

IX. gr. *Jafngildi*

1. Samþykktin skal ekki hindra að stjórnvöld viðhaldi eða taki upp aðrar leiðir til menntunar og þjálfunar, að meðtöldum þeim sem taka til siglingatíma og skipulags um borð sérstaklega sem er aðlagð tækniþróun og tilteknum tegundum skipa og sérhæfðra siglinga, þó að því tilskyldu að lengd siglingatími, þekking og kunnátta í siglingafræði og tæknilegri stjórnun skipa og farms tryggi að vissu marki öryggi á sjó og stuðli að vörnum gegn mengun að minnsta kosti til jafns við ákvæði samþykktarinnar.

2. Lýsingu á þessum menntunar- og þjálfunarleiðum skal gefa framkvæmdastjóranum svo fljótt sem auðið er en hann dreifir þeim síðan til allra aðila.

X. gr.
Eftirlit

1. Meðan skip eru í höfn aðila, nema þau sem eru undanþegin samkvæmt III. gr., eru þau háð eftirliti opinberra aðila sem samningsaðilinn hefur veitt umboð til þess að sannreyna hvort allir sjómenn sem ber að hafa skírteini samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar hafi þau eða viðeigandi undanþágur. Viðurkenna skal þessi skírteini, nema augljós ástæða sé til þess að ætla, að skírteini hafi verið fengið á ólögmatan hátt, eða skírteinishafi sé ekki sá sem skírteinið var upphaflega veitt.
2. Í því tilfalli að í ljós koma einhverjar misbrestir þegar ákvæðum 1. mgr. er beitt eða koma í ljós þegar ákvæðum reglu I/4 „Tilhögun eftirlits“ er beitt þá skal sá opinberi aðili sem framkvæmir eftirlitið þegar í stað tilkynna skriflega skipstjóra skipsins um málið og ræðismanni, eða í fjarveru hans, næsta sendifulltrúa eða siglingayfirvöldum þess ríkis sem veitir skipinu rétt til þess að sigla undir fána sínum svo unnt verði að gera viðeigandi ráðstafanir. Slíkar tilkynningar skulu greina frá þeim misbrestum sem í ljós komu og ástæðum fyrir því, að aðilinn telur að þessir misbrestir séu hættulegir mönnum, eignum og umhverfi.
3. Ef í ljós kemur við framkvæmd eftirlitsins samkvæmt 1. mgr., að teknu tilliti til stærðar og gerðar skipsins og lengdar og eðlis sjóferðarinnar, að misbrestirnir sem um getur í 3. tölulið í reglu I/4 hafa ekki verið lagfærðir og álitnið er að það skapi hættu fyrir menn, eignir og umhverfi þá skal aðilinn sem framkvæmir eftirlitið gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að skipið sigli ekki á ný fyrir en að uppfylltum þessum kröfum að því marki að ekki sé lengur hætt á ferð. Strax skal tilkynna framkvæmdastjóranum um ástæðurnar fyrir þessum aðgerðum.
4. Þegar eftirlit samkvæmt þessari grein er framkvæmt skal forðast með öllum tiltækum ráðum að kyrrsetja eða tefja skip að óþörfu. Ef skip er þannig kyrrsett eða tafið að óþörfu á það rétt til skaðabóta fyrir það tjón, sem það hefur orðið fyrir vegna þessa.
5. Ákvæðum þessarar greinar skal beitt eins og nauðsyn krefur til þess að tryggja að skip sem sigla undir fána ríkis sem ekki er aðili að samþykktinni hljóti ekki hagkvæmari afgreiðslu en skip sem siglir undir fána aðila.

XI. gr.
Efling tæknisamvinnu

1. Aðilar að samþykktinni skulu, í samráði við og með aðstoð stofnunarinnar, efla stuðning sinn við þá aðila sem óska eftir tæknilegri aðstoð við eftirfarandi:
 - a) menntun og þjálfun starfsfólks við stjórnunar- og tæknistörf;
 - b) að setja á fót stofnanir til menntunar og þjálfunar sjómanna;
 - c) að útvega búnað og aðstöðu fyrir mennta- og þjálfunarstofnanir;
 - d) að semja fullnægjandi menntunaráætlanir sem einnig nær yfir verklega þjálfun um borð í skipum sem sigla á opnu hafi; og
 - e) að styrkja aðrar gerðir og ráðstafanir sem auka hæfni sjómanna;

öðru fremur innanlands, svæðis- eða héraðsbundið til að stuðla að því að markmið samþykktarinnar nái fram að ganga og um leið að taka sérstakt tillit til þarfa þróunarríkja í þessu efni.

2. Að sínu leyti skal stofnunin leitast við að ná framangreindum markmiðum, eftir því sem við á, í samráði eða samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir, sérstaklega Alþjóðavinnuálastofnunina (ILO).

XII. gr. *Breytingar*

1. Samþykktinni má breyta með eftirfarandi málsmeðferð:

a) breytingar eftir umfjöllun hjá stofnuninni:

- i) sérhverja breytingartillögu aðila skal senda framkvæmdastjóranum, sem skal síðan dreifa henni til allra aðila að stofnuninni, allra aðila og framkvæmdastjóra skrifstofu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að minnsta kosti sex mánuðum áður en tillagan er tekin til umfjöllunar;
- ii) sérhverri breytingartillögu sem lögð er fram og dreift sem að framan greinir skal vísað til siglingaöryggisnefndar stofnunarinnar til umfjöllunar;
- iii) aðilum, hvort sem þeir eru aðildarríki stofnunarinnar eða ekki, skal heimilt að taka þátt í störfum siglingaöryggisnefndarinnar við umfjöllun og samþykkt á breytingum,
- iv) breytingartillögu skal samþykkja með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða í siglingaöryggisnefnd, stækkaðri samkvæmt iii-lið a-liðar (hér eftir nefnd „stækkuð siglingaöryggisnefnd“), enda sé að minnsta kosti þriðjungur aðila viðstaddur atkvæðagreiðsluna;
- v) framkvæmdastjórinn skal senda öllum aðilum breytingar sem samþykktar hafa verið með þessum hætti til samþykktar;
- vi) breyting á grein telst hafa öðlast staðfestingu þann dag sem tveir þriðju aðilanna hafa staðfest hana;
- vii) breyting á viðaukanum telst hafa öðlast staðfestingu:

1 þegar liðin eru tvö ár frá þeim degi sem henni var dreift til aðilanna til staðfestingar; eða

2 við lok annars tímabils, sem skal ekki vera styttra en eitt ár, ef svo er ákveðið þegar hún er samþykkt af tveimur þriðju hluta aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða í stækkaðri siglingaöryggisnefnd;

samt sem áður telst breytingin ekki hafa öðlast staðfestingu nema framkvæmdastjóranum hafi innan hins tilskylda tímabils annað hvort borist andmæli við breytingunum frá meira en þriðjungi samningsaðila hið minnsta eða aðilum sem eiga samtals kaupskipaflota, sem er a.m.k. 50% allra kaupskipa í heiminum, miðað við brúttótonn, þeirra sem eru 100 brúttórúmllestir eða stærri.

- viii) breyting á grein skal öðlast gildi, fyrir þá aðila sem hafa staðfest hana, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa öðlast staðfestingu og fyrir sérhvern aðila, sem staðfestir hana síðar, sex mánuðum eftir þann dag er sá aðili staðfestir hana;
- ix) breyting á viðaukanum skal öðlast gildi fyrir alla aðila aðra en þá sem hafa mótmælt breytingunni samkvæmt vii-lið a-liðar og ekki afturkallað mótmælin, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa öðlast staðfestingu. Sérhver aðili getur tilkynnt framkvæmdastjóránnum, fyrir hinn tiltekna gildistökudag, að hann undanskilji sig því að láta breytinguna öðlast gildi, þó ekki lengur en eitt ár frá gildistökudegi, nema lengri tími sé ákveðinn af tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða í stækkaðri siglingaöryggisnefnd þegar breytingartillagan er samþykkt; eða

b) breyting á ráðstefnu:

- i) að ósk aðila með stuðningi að minnsta kosti þriðjungs aðilanna skal stofnunin boða til ráðstefnu aðilanna, í samvinnu við eða í samráði við framkvæmdastjóra skrifstofu Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar, til þess að fjalla um breytingar á samþykktinni;
- ii) sérhverja breytingu sem samþykkt er á slíkri ráðstefnu af tveimur þriðju hlutum aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða skal framkvæmdastjórinn senda öllum aðilum til staðfestingar;

Ákveði ráðstefnan ekki annað telst breyting hafa öðlast staðfestingu og öðlast gildi samkvæmt þeirri málsmeðferð sem tilgreind er í vi-lið a-liðar og í viii-lið a-liðar eða ix-lið a-liðar, eftir því hvað við á, þó að því tilskyldu að þar sem rætt er um stækkaða siglingaöryggisnefnd skuli átt við ráðstefnuna.

2. Sérhverja yfirlýsingu um staðfestingu eða mótmæli við breytingu eða tilkynningu sem gerð er samkvæmt 1. tölulið ix-lið a-liðar skal senda á skriflegan hátt til framkvæmdastjórans sem tilkynna skal aðilum um hverja slíka tilkynningu og hvaða dag hún var móttækin.

3. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðilum um sérhverja breytingu sem öðlast gildi svo og hvaða dag hún öðlast gildi.

XIII. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild

1. Samþykktin skal liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum stofnunarinnar frá 1. desember 1978 til 30. nóvember 1979 og eftir þann tíma geta ríki gerst aðilar. Sérhvert ríki getur gerst aðili með:

- a) undirritun án fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki; eða
- b) undirritun með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki ásamt síðari fullgilding, staðfestingu eða samþykki; eða
- c) aðild;

2. Fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal framkvæma með því að afhenda framkvæmdastjóranum skjal þar um til vörslu;

3. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa samþykktina eða gerst hafa aðilar að henni og einnig framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar um undirritun eða framlagt fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal og daginn sem það var lagt fram til vörslu.

XIV. gr.

Gildistaka

1. Samþykktin öðlast gildi 12 mánuðum frá þeim degi er eigi færri en 25 ríki sem sameiginlega ráða yfir kaupskipaflota sem er a.m.k. 50% allra kaupskipa í heiminum, miðað við brúttótonn, þeirra sem eru 100 brúttórúmllestir eða stærri hafa annað hvort undirritað hana án skilyrða um fullgildingu, staðfestingu, eða samþykki eða afhent nauðsynleg skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða hafa gerst aðilar í samræmi við XIII. gr.

2. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað samþykktina eða gerst aðilar að henni hvenær samþykktin öðlast gildi.

3. Sérhvert fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar-, eða aðildarskjal, sem afhent er á þeim 12 mánuðum sem um getur í 1. mgr. öðlast gildi um leið og samþykktin tekur gildi eða þremur mánuðum eftir að slíkt skjal hefur verið afhent, eftir því hvor síðari verður.

4. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar eða aðildarskjal sem er afhent eftir að samþykktin öðlast gildi öðlast gildi þremur mánuðum frá þeim degi er skjalið er afhent.

5. Eftir að breyting á samþykktinni er talin hafa verið staðfest samkvæmt XII. gr. skal sérhvert fullgildingar-, staðfestingar, samþykktar eða aðildarskjal sem afhent er eiga við samþykktina með áorðnum breytingum.

XV. gr.

Uppsögn

1. Sérhver aðili getur sagt upp samþykktinni hvenær sem er að liðnum fimm árum frá þeim degi sem samþykktin öðlast gildi gagnvart viðkomandi aðila.

2. Uppsögn á sér stað með skriflegri tilkynningu til framkvæmdastjórans sem skal tilkynna öllum öðrum aðilum og framkvæmdastjóra skrifstofu Alþjóðavinnuáskrifstofunnar um sérhverja tilkynningu sem berst og móttökudag hennar svo og hvaða dag uppsögnin öðlast gildi.

3. Uppsögn öðlast gildi 12 mánuðum frá því að tilkynningin um uppsögn berst framkvæmdastjóranum eða að liðnum lengri tíma sem kann að vera tilgreindur í tilkynningunni.

XVI. gr.

Varsla og skrásetning

1. Samþykktinni skal komið í vörslu framkvæmdastjórans og skal hann senda staðfest rétt afrit hennar til allra ríkja sem undirritað hafa samþykktina eða gerst aðilar að henni.

2. Jafnskjótt og samþykktin öðlast gildi skal framkvæmdastjórinn senda texta hennar til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

XVII. gr.

Tungumál

Samþykktin er gerð í einu eintaki á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir. Opinberar þýðingar skal gera á arabísku og þýsku og þær varðveittar með undirritaða frumeintakinu.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna undirritað samþykktina*.

GJÖRT Í LUNDÚNUM sjöunda dag júlímánaðar nítjánhundrað sjötíu og átta.

* Undirritunum sleppt.

FYRSTA FYLGISKJAL VIÐ LOKAÁLYKTUN RÁÐSTEFNUNNAR

Ályktun 1

BREYTINGAR SEM GERÐAR ERU Á VIÐAUKA VIÐ ALÞJÓÐASAMÞYKKT UM MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐUR SJÓMANNA, 1978

RÁÐSTEFNUFULLTRÚAR,

SEM VÍSA TIL b-liðar 1. mgr. XII. gr. alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (framvegis „samþykktin“) um málsmeðferð við breytingar á samþykktinni á ráðstefnu aðila,

AÐ TEKNU TILLITI TIL breytinga á viðauka við samþykktina, sem lagðar hafa verið fram og sendar aðilum að stofnuninni og öllum samningsaðilum og koma eiga í stað textans sem nú er viðauki við samþykktina,

1. SAMÞYKKJA, í samræmi við ii-lið b-liðar 1. mgr. XII. gr. samþykktarinnar, breytingar á viðauka samþykktarinnar og er sá texti viðauki við þessa ályktun;
2. ÁKVEÐA, í samræmi við 2. tölulið vii-liðar a-liðar 1. mgr. XII. gr. samþykktarinnar, að breytingarnar, sem hér eru settar fram í viðauka, skuli teljast samþykktar frá 1. ágúst 1996, nema framkvæmdastjóranum hafi fyrir þann tíma borist andmæli við breytingunum frá meira en þriðjungi samningsaðila hið minnsta eða aðilum sem eiga samtals kaupskipaflota, sem er a.m.k. 50% allra kaupskipa í heiminum, miðað við brúttótonn, þeirra sem eru 100 brúttórúmllestir eða stærri.
3. BENDA aðilum á, að í samræmi við ix-lið a-liðar 1. mgr. XII. gr. samþykktarinnar taka breytingarnar, sem hér eru settar fram í viðauka, gildi hinn 1. febrúar 1997, enda hafi þær verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. hér að framan.

VIÐAUKI

Breytingar á viðaukanum við alþjóðasamþykktina um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, 1978.

I. KAFLI Almenn ákvæði

Regla I/1

Skilgreiningar og skýringar

1 Í samþykktinni er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé sérstaklega tekið fram:

- .1 „reglur“ eru þær reglur sem finna má í viðauka við samþykktina;
- .2 „viðurkennt“ er það sem aðili hefur viðurkennt í samræmi við þessar reglur;
- .3 „skipstjóri“ er sá sem hefur á hendi yfirstjórn skips;
- .4 „yfirmaður“ er skipverji, annar en skipstjóri, sem er skilgreindur sem slíkur í landslögum eða reglugerðum, eða samkvæmt heildarsamningum (almennum kjarasamningum) eða venjum þegar hinu er ekki til að dreifa;
- .5 „yfirmaður á þilfari“ er yfirmaður sem fengið hefur löggildingu í samræmi við ákvæði II. kafla samþykktarinnar;
- .6 „yfirstýrimaður“ er sá yfirmaður sem gengur næst skipstjóra og tekur við skipstjórn í forföllum skipstjóra;
- .7 „yfirmaður í vél“ er yfirmaður sem fengið hefur löggildingu í samræmi við ákvæði III. kafla samþykktarinnar;
- .8 „yfirvélstjóri“ er vélstjóri sem ber ábyrgð á vélunum sem knýja skipið og á starfrækslu og viðhaldi véla og rafbúnaðar í skipinu;
- .9 „2. vélstjóri“ er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og ber ábyrgð á vélbúnaði skipsins, rekstri og viðhaldi véla og rafbúnaðar í forföllum yfirvélstjóra;
- .10 „vélstjóranemi“ er maður í þjálfun til starfa sem yfirmaður í vél og er skilgreindur sem slíkur í landslögum eða reglugerðum;
- .11 „fjarskiptamaður“ er maður sem hefur viðeigandi skírteini sem gefið er út eða viðurkennt af hálfu stjórnvalda í samræmi við ákvæði alþjóðaradíóreglugerðarinnar;
- .12 „undirmaður“ er skipverji, annar en skipstjóri eða yfirmaður;

- .13 „strandsiglingar“ eru siglingar í nágrenni aðila samkvæmt skilgreiningum sama aðila;
- .14 „framdriftsafi“ er mesta samfellda heildarhámark ásafls allra aðalvéla skipsins í kílóvöttum, eins og það er skráð í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum;
- .15 „fjarskiptastörf“ ná, eftir því sem við á, til vaktstöðu, viðhalds og viðgerða á tækjabúnaði sem framkvæmd eru í samræmi við alþjóðaradíóreglugerðina, alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS '74) og samkvæmt ákvörðun stjórnvalda í hverju ríki og tilmælum stofnunarinnar sem við eiga;
- .16 „olíuflutningaskip“ er skip sem er smíðað og notað til flutninga á olíu og olíuvörum í lausu máli;
- .17 „efnaflutningaskip“ er skip sem er smíðað eða breytt og notað til flutninga í lausu máli á einhverjum þeim fljótandi efnum sem talin eru í 17. kafla alþjóðareglna um efnaflutningaskip;
- .18 „gasflutningaskip“ er skip sem er smíðað eða breytt og notað til flutninga í lausu máli í geymum á hvers konar gasi eða öðrum þeim efnum sem talin eru í 19. kafla alþjóðareglna um gasflutningaskip (International Gas Carrier Code);
- .19 „ekjufarþegaskip“ er farþegaskip með ekjufarmrými eða sérstakt rými eins og það er skilgreint í alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum;
- .20 „mánuður“ er almanaxsmánuður eða mánaðarhlutar sem eru 30 dagar samtals;
- .21 „STCW-kóðinn“ er safn reglna um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna eins og þær voru samþykktar með 2. ályktun ráðstefnunnar árið 1995, með áorðnum breytingum;
- .22 „starfssvið“ er ýmis verkefni, skyldustörf og ábyrgð sem skilgreind eru í STCW-kóðanum og nauðsynlegt er að inna af hendi við rekstur skipsins, vegna öryggis mannlífa á hafinu eða til verndar umhverfi sjávar;
- .23 „félag“ er eigandi skipsins eða hvers konar önnur samtök eða einstaklingar, til að mynda forstjóri eða þurrleigutaki, sem tekið hafa við ábyrgð á útgerð skipsins úr höndum eiganda þess og hafa með þeirri ábyrgð þar með samþykkt að takast á hendur allar þær skyldur og alla þá ábyrgð sem þessar reglur leggja á félagið;
- .24 „viðeigandi skírteini“ er atvinnuskírteini sem gefið er út og áritað í samræmi við ákvæði þessa viðauka og veitir lögmatum handhafa þess rétt til að takast á hendur störf á því starfssviði og með þeirri ábyrgð sem tilgreint er í skírteininu, á skipi þeirrar gerðar, stærðar, með því vélarafli og þeirri tegund vélbúnaðar sem notaður er í viðkomandi sjóferð;
- .25 „siglingatími“ er tími við störf um borð í skipi sem krafist er vegna útgáfu skírteinis eða veitingar annarra starfsréttinda.

- 2 Til viðbótar þessum reglum koma skyldubundin ákvæði í A-hluta STCW-kóðans og:
- .1 sérhver tilvísun til kröfu í reglum er jafnframt tilvísun til samsvarandi þáttar í A-hluta STCW-kóðans;
 - .2 þegar þessum reglum er beitt skal farið eftir viðeigandi leiðbeiningum og skýringum í B-hluta STCW-kóðans eftir því sem frekast er unnt, til að ná sem bestu samræmi við framkvæmd ákvæða samþykktarinnar um allan heim;
 - .3 breytingar á A-hluta STCW-kóðans skal taka upp og staðfesta, og þær skulu látnar öðlast gildi, í samræmi við ákvæði XII. gr. samþykktarinnar er fjallar um málsmeðferð vegna breytinga á viðaukanum; og
 - .4 B-hluti STCW-kóðans skal taka breytingum samkvæmt ákvörðunum siglinga-öryggisnefndar (MSC) í samræmi við málsmeðferð sem nefndin hefur ákveðið.
- 3 Tilvísanir sem finna má í VI. gr. samningsins og vísa til „stjórnvalda“ og „útgáfustjórnvalda“ má ekki túlka á þann veg að nokkrum samningsaðila sé meinað að gefa út og árita skírteini í samræmi við ákvæði þessara reglna.

Regla I/2

Skírteini og áritanir

- 1 Skírteini skal gefa út á opinberu tungumáli eða opinberum tungumálum útgáfulands. Ef enska er ekki notuð skal vera í textanum þýðing á það tungumál.
- 2 Hvað fjarskiptamenn snertir mega samningsaðilar:
 - .1 áskilja að til prófs til útgáfu skírteinis í samræmi við alþjóðaradlóreglurnar skuli krafist þeirrar umframþekkingar sem kröfur eru gerðar um í viðeigandi reglugerðum, eða
 - .2 gefa út sérstakt skírteini sem vottar að handhafi hafi þá umframþekkingu sem kröfur eru gerðar um í viðeigandi reglugerðum.
- 3 Áritun þá sem VI. gr. samningsins kveður á um til staðfestingar útgáfu skírteinis má eingöngu veita ef öllum skilyrðum samningsins er fullnægt.
- 4 Eftir ákvörðun hvers samningsaðila um sig má fella áritunina inn í sjálft skírteinið eins og kveðið er á um í þætti A-I/2 í STCW-kóðanum. Ef þetta er gert skal notast við formið sem sett er fram í 1. mgr. þáttar A-I/2. Ef áritunin er veitt á annan hátt skal notast við formið sem sett er fram í 2. mgr. sama þáttar.
- 5 Stjórnvöld sem viðurkenna skírteini í samræmi við reglu I/10 skulu veita áritun til að staðfesta viðurkenningu slíkra skírteina. Áritunina skal veita því aðeins að öllum skilyrðum samningsins sé fullnægt. Form áritunarinnar skal vera það sem sett er fram í 3. mgr. þáttar A-I/2 í STCW-kóðanum.

- 6 Áritanirnar sem vísað er til í 3., 4. og 5. gr.
- .1 má gefa út sem sérstök skjöl;
 - .2 skulu tölusettar hver með sinni raðtölu, nema hvað áritanir sem staðfesta útgáfu skírteinis mega bera sama númer og skírteinið sjálft, enda sé númerið einstakt fyrir þessi tvö skjöl; og
 - .3 skulu falla úr gildi um leið og áritað skírteini rennur út eða þegar það er afturkallað, fellt úr gildi tímabundið eða ógilt af hálfu samningsaðilans sem gaf það út, og eigi síðar en fimm árum eftir útgáfudag.
- 7 Starfið, sem handhafa skírteinis er heimilt að sinna, skal tilgreina á áritunarblaðinu með sama orðalagi og notað er í gildandi reglum stjórnvalda um öryggismönnun.
- 8 Stjórnvöld mega nota annað form en það, sem tilgreint er í þætti A-I/2 í STCW-kóðanum, enda sé þeim lágmarksskilyrðum fullnægt að nauðsynlegar upplýsingar séu ritaðar með rómverskum stöfum og arabískum tölum, með þeim frávikum sem leyfileg eru samkvæmt þætti A-I/2.
- 9 Með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. reglu I/10 verður að geyma frumrit allra skírteina, sem samningurinn kveður á um, um borð í skipinu sem handhafi starfar á.

Regla I/3

Meginreglur um strandsiglingar

- 1 Samningsaðili, sem setur reglur um strandsiglingar að því er tekur til samningsins, má ekki gera strangari kröfur um þjálfun, reynslu eða skírteini til sjómanna á skipum, sem mega sigla undir fána annars samningsaðila og eru notuð til slíkra siglinga, en til sjómanna á skipum sem mega sigla undir fána samningsaðilans sjálfs. Sömuleiðis mega samningsaðilar aldrei gera strangari kröfur til sjómanna um borð í skipum, sem mega sigla undir fána annars samningsaðila, en gerðar eru í samningnum vegna skipa sem stunda ekki strandsiglingar.
- 2 Þegar um er að ræða skip, sem mega sigla undir fána einhvers samningsaðila og stunda reglulegar strandsiglingar við strendur annars samningsaðila, skal *fánaríkið gera kröfur um þjálfun, reynslu og skírteini sjómanna á slíkum skipum sem eru a.m.k. jafnmiklar og kröfur strandríkisins, enda séu þær ekki meiri en kröfurnar sem gerðar eru í samningnum vegna skipa sem stunda ekki strandsiglingar. Sjómenn á skipi, sem leggur í lengri siglingu en skilgreind er sem strandsigling hjá einhverjum samningsaðila og fer um hafsvæði sem sú skilgreining nær ekki til, skulu uppfylla viðeigandi hæfniskröfur í samningnum.
- 3 Samningsaðila er heimilt að veita skipum sem mega sigla undir fána þess þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum vegna strandsiglinga, þegar þau stunda reglulegar strandsiglingar, eins og samningsaðilinn skilgreinir þær, við strendur ríkis sem er ekki samningsaðili.
- 4 Samningsaðilar sem setja reglur um strandsiglingar samkvæmt kröfunum í þessari reglu skulu senda framkvæmdastjóranum allar upplýsingar um ákvæðin, sem sett eru, í samræmi við kröfurnar í reglu I/7.

5 Ekkert í þessari reglu má skerða með neinum hætti lögsögu nokkurs ríkis, hvort sem það er samningsaðili eður ei.

Regla I/4

Tilhögun eftirlits

1 Eftirlit sem innt er af hendi af eftirlitsfulltrúa sem til þess hefur heimild samkvæmt X. gr. skal takmarkast við eftirtalið:

- .1 sannreyna skal í samræmi við 1. mgr. X. gr. að allir þeir sjómenn um borð sem eiga að hafa skírteini í samræmi við samninginn hafi í höndum viðeigandi skírteini eða gilda undanþágu, eða geti lagt fram skjalfestar sannanir um að sótt hafi verið um áritun til stjórnvalda í samræmi við 5. mgr. reglu I/10;
- .2 sannreyna skal hvort fjöldi og skírteini sjómanna um borð samræmist gildandi reglum stjórnvalda um öryggismönnun; og
- .3 meta skal, í samræmi við þátt A-I/4 í STCW-kóðanum, hvort áhöfn skipsins sé fær um að standa vaktir í samræmi við kröfur samningsins, enda séu ástæður til að ætla að slíkum kröfum sé ekki fullnægt vegna þess að eitthvað af því sem hér er talið hefur gerst:
 - .3.1 skipið hefur lent í árekstri, tekið niðri eða strandað, eða
 - .3.2 efni sem ólögmætt er að losa í hafið samkvæmt alþjóðasamningum hafa verið losuð úr skipinu á siglingu, þegar það lá fyrir akkeri eða við bryggju, eða
 - .3.3 skipinu hefur verið stjórnað með tilviljanakenndum eða ótryggum hætti og ekki hefur verið fylgt reglum þeim sem stofnunin hefur sett um siglingaleiðir eða venjum og háttum við öruggar siglingar, eða
 - .3.4 skipinu er stýrt á einhvern þann hátt annan sem hættulegur er fólki, eignum eða umhverfi.

2 Eftirtalið má telja að geti skapað fólki, eignum eða umhverfi hættu:

- .1 sjómenn hafa ekkert skírteini, þá vantar viðeigandi skírteini eða gilda undanþágu eða geta ekki lagt fram skjöl til sönnunar þess að umsókn um áritun hafi verið send stjórnvöldum í samræmi við 5. mgr. reglu I/10;
- .2 gildandi kröfur stjórnvalda um öryggismönnun eru ekki uppfylltar;
- .3 tilhögun siglinga- eða vélavaktar er ekki í samræmi við þær kröfur sem stjórnvöld hafa sett skipinu;
- .4 ekki er á vakt maður sem hefur réttindi til að fara með búnað sem nauðsynlegur er öruggri siglingu eða öryggisfjarskiptum, eða til að forðast sjávarmengun; og
- .5 ekki eru settir á fyrstu vakt við upphaf sjóferðar og síðari vaktir, sem taka við af henni, menn sem fengið hafa næga hvíld og eru vinnufærir að öðru leyti.

3 Samningsaðili má ekki kyrrsetja skip í samræmi við X. gr. nema látið hafi verið hjá líða að færa í lag gallana sem taldir eru í 2. mgr., enda hafi samningsaðilinn sem sinnir eftirlitinu gengið úr skugga um að þeir séu hættulegir fólki, eignum eða umhverfi.

Regla I/5

Innanlandsákvæði

1 Sérhver samningsaðili skal ákveða starfsaðferðir og málsmeðferð til óhlutdrægrar rannsóknar á þeim tilvikum þegar tilkynnt er um vanhæfi, athæfi eða vanrækslu hvers konar sem getur beinlínis verið hættuleg mannlífum eða eignum á sjó, ellegar umhverfi hafsins, og hlut eiga að handhafar skírteina eða áritana sem sami samningsaðili hefur gefið út vegna skyldustarfa sem innt eru af hendi í krafti skírteinanna, og sömuleiðis til að fjalla um það þegar slík skírteini eru afturkölluð, felld úr gildi tímabundið og ógilt af slíkum ástæðum og til að fyrirbyggja svik.

2 Sérhver samningsaðili skal mæla fyrir um viðurlög eða agareglur vegna brota á þeim ákvæðum landslaga, sem lúta að löggildingu samningsins, þegar um er að ræða skip sem sigla mega undir fána landsins eða sjómenn sem eru handhafar skírteina frá sama samningsaðila.

3 Einkum skal mæla fyrir um viðurlög eða agareglur af því tagi í eftirtöldum tilvikum:

- .1 þegar félag eða skipstjóri ræður mann sem ekki er handhafi skírteinis í samræmi við kröfur samningsins;
- .2 þegar skipstjóri leyfir að starfssvið eða störf, sem krafist er í þessum reglum að maður með viðeigandi skírteini inni af hendi, séu fengin í hendur manni sem er ekki handhafi viðeigandi skírteinis, gildirar undanþágu eða skjala til sönnunar umsókn eins og krafist er í 5. mgr. reglu I/10; eða
- .3 þegar maður hefur í krafti svikinna eða falsaðra skjala fengið ráðningu til að sinna einhverju því starfssviði eða þjóna einhverju því starfi sem krafist er í þessum reglum að maður með viðeigandi skírteini inni af hendi.

4 Þegar innan lögsögu einhvers samningsaðila er að finna fyrirtæki eða einstakling, sem greinilegar ástæður eru til að ætla að beri ábyrgð á meintu broti á samningnum af því tagi, sem tilgreint er í 3. mgr., eða hafi vitneskju um það, skal sami samningsaðili veita alla þá aðstoð, sem honum er unnt, þeim samningsaðila sem tilkynnir að hann hyggist hefja málsókn innan lögsögu hans.

Regla I/6

Þjálfun og hæfnismat

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess,

- .1 að störf við þjálfun og hæfnismat sjómanna, samkvæmt kröfunum í samningnum, séu innt af hendi, þeim sé stjórnað og með þeim sé haft eftirlit í samræmi við ákvæði þáttar A-I/6 í STCW-kóðanum; og

- .2 að þeir sem annast þjálfun og hæfnismat sjómanna, samkvæmt kröfunum í samningnum, hafi til þess viðeigandi réttindi í samræmi við ákvæði þáttar A-I/6 í STCW-kóðanum, fyrir þá gerð og það stig þjálfunar eða hæfnismats sem í húfi er.

Regla I/7

Upplýsingamiðlun

1 Auk þeirra upplýsinga, sem áskilið er í IV. gr. að komið sé á framfæri, skal sérhver samningsaðili senda framkvæmdastjóranum, innan tilskilinna tímamarka og á því formi, sem tilgreint er í þætti A-I/7 í STCW-kóðanum, allar þær upplýsingar aðrar, sem krafist kann að verða í samningnum og lúta að öðrum ráðstöfunum sem gerðar eru af hálfu samningsaðila til að hrinda samningnum í framkvæmd að fullu og öllu leyti.

2 Þegar allar þær upplýsingar, sem tilskildar eru samkvæmt IV. gr. og þætti A-I/7 í STCW-kóðanum, hafa borist og þar er að finna staðfestingu á því að ákvæði samningsins séu komin í framkvæmd að fullu og öllu leyti, þá skal framkvæmdastjórinn senda siglingaöryggisnefnd (MSC) skýrslu þar sem frá þessu er greint.

3 Þegar staðfest hefur verið af hálfu siglingaöryggisnefndar, í samræmi við þá málsmeðferð, sem hún hefur sett sér, að innsendar upplýsingar sýni að ákvæði samningsins séu komin í framkvæmd að fullu og öllu leyti,

- .1 skal siglingaöryggisnefnd tilgreina þá samningsaðila sem eiga í hlut; og
- .2 öðrum samningsaðilum skal vera heimilt, með fyrirvara um ákvæði reglnanna I/4 og I/10, að fallast á það í meginatriðum að skírteinin, sem gefin eru út af samningsaðilunum, sem tilgreindir eru í mgr. 3.1, eða fyrir hönd þeirra, samræmist ákvæðum samningsins.

Regla I/8

Gæðastaðlar

1 Sérhver samningsaðili skal sjá til þess,

- .1 að í samræmi við ákvæði þáttar A-I/8 í STCW-kóðanum sé allt starf við þjálfun, hæfnismat, útgáfu skírteina, áritun og endurgildingu, sem fram fer hjá sjálfstæðum fyrirtækjum eða stofnunum á vegum ríkisstjórnar, háð stöðugu eftirliti með aðstoð gæðastaðlakerfis til að tryggja að þau markmið náist sem sett hafa verið, þar á meðal markmið um hæfi og starfsreynslu leiðbeinenda og matsmanna; og
- .2 að hjá þeim fyrirtækjum eða stofnunum á vegum ríkisstjórnar sem sinna slíkum verkefnum sé notast við gæðastaðlakerfi.

2 Sérhver samningsaðili skal einnig sjá til þess að ofantalin störf séu metin reglulega af hálfu hæfra manna sem ekki eiga sjálfir hlut að þessum störfum, í samræmi við þátt A-I/8 í STCW-kóðanum.

3 Upplýsingar um matið sem tilskilið er í 2. mgr. skulu sendar framkvæmdastjóranum.

Regla I/9

Heilbrigðisstaðlar - útgáfa og skráning skírteina

- 1 Sérhver samningsaðili skal setja staðla um heilbrigði sjómanna, einkum um sjón þeirra og heyrn.
- 2 Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að skírteini fái þeir umsækjendur einir sem fullnægja skilyrðum þessarar reglu.
- 3 Umsækjendur um réttindi skulu færa viðhlítandi sönnur á:
 - .1 hverjir þeir eru;
 - .2 að þeir séu eigi yngri en tilskilið er í reglunni sem fjallar um skírteinið sem sótt er um;
 - .3 að þeir fullnægi þeim heilbrigðisstöðlum, einkum um sjón og heyrn, sem samningsaðilinn hefur sett, og hafi undir höndum gilt heilbrigðisvottorð frá lækni með lækningaleyfi sem samningsaðilinn viðurkennir;
 - .4 að þeir hafi að baki þann siglingatíma og aðra þá skylduþjálfun sem tilskilin er samkvæmt þessum reglum vegna skírteinisins sem sótt er um; og
 - .5 að þeir fullnægi þeim hæfnisstöðlum sem mælt er fyrir um í þessum reglum vegna þeirra starfa, starfssviða og starfstignar sem tilgreina skal í áritunarskjali með skírteininu.
- 4 Sérhver samningsaðili tekst á hendur:
 - .1 að halda skrá eða skrár yfir öll þau skírteini og allar þær áritanir skipstjóra og yfirmanna, svo og háseta eftir því sem við á, sem gefin eru út, eru útrunnin eða hafa verið endurgilt, felld úr gildi tímabundið eða ógilt eða tilkynnt hefur verið að séu týnd eða ónýtt, og um undanþágur sem gefnar eru út; og
 - .2 að gera upplýsingar um stöðu slíkra skírteina, áritana og undanþága aðgengilegar öðrum samningsaðilum og félögum sem vilja sannreyna að þau skírteini séu ósvikin og gild sem sjómenn leggja fram hjá þeim til að fá staðfestingu á skírteinum sínum í samræmi við reglu I/10 eða til að geta skráð sig á skip.

Regla I/10

Viðurkenning á skírteinum

- 1 Stjórnvöld sérhvers samningsaðila skulu sjá til þess að farið sé að ákvæðum þessarar reglu þegar gefin er út áritun í samræmi við 5. mgr. reglu I/2 til að viðurkenna skírteini sem gefið er út, til handa skipstjóra, yfirmanni eða talstöðvarverði, hjá öðrum samningsaðila eða í umboði hans, og:

- .1 að stjórnvöldin hafi gripið til allra nauðsynlegra ráða, en til slíkra ráða getur talist athugun á aðstöðu og starfsaðferðum, til að tryggja að kröfum um hæfisstaðla, útgáfu og áritun skírteina og færslu skráa sé fullnægt að öllu leyti; og
- .2 að samkomulag sé um það við samningsaðilann, sem á í hlut, að tilkynnt verði um það tafarlaust ef verulegar breytingar verða á skipulagi menntunar, þjálfunar og skírteinaútgáfu sem haldið er uppi í samræmi við samninginn.

2 Grípa skal til ráðstafana til að tryggja að sjómenn, sem leggja fram til staðfestingar skírteini, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði reglna II/2, III/2 eða III/3, eða skírteini, sem gefin eru út í samræmi við reglu VII/1 á stjórnunarstigi, eins og það er skilgreint í STCW-kóðanum, hafi viðhlítandi þekkingu á siglingalöggjöf stjórnvalda að því leyti sem hún tengist starfssviðinu sem þeim er heimilt að sinna.

3 Í samræmi við ákvæðin í reglu I/7 skal tilkynna framkvæmdastjóranum um upplýsingarnar sem sendar eru og ráðstafanir sem gripið er til í samræmi við þessa reglu.

4 Eigi skal viðurkenna skírteini sem gefin eru út af öðrum en samningsaðilum eða í umboði þeirra.

5 Þrátt fyrir kröfurnar sem gerðar eru í 5. mgr. reglu I/2 er stjórnvöldum heimilt, þegar aðstæður krefjast, að leyfa sjómanni að gegna um allt að þriggja mánaða skeið stöðu um borð í skipi, sem má sigla undir fána landsins, annarri en stöðu fjarskiptamanns eða talstöðvarvarðar með þeim undantekningum, sem fram koma í alþjóðaradíóreglunum, enda hafi hann viðeigandi gilt skírteini útgefið og áritað hjá öðrum samningsaðila vegna starfa um borð í skipum frá því landi, þótt skírteinið hafi ekki fengið áritun um að það eigi við vegna starfa um borð í skipum sem mega sigla undir fána umræddra stjórnvalda. Skrifleg staðfesting á að stjórnvöldum hafi verið send umsókn um áritun skal vera auðveldlega aðgengileg.

6 Skírteini og áritanir, sem stjórnvöld gefa út samkvæmt ákvæðum þessarar reglu sem staðfestingu eða til staðfestingar á skírteini sem annar samningsaðili hefur gefið út, má ekki leggja til grundvallar frekari staðfestingu frá öðrum stjórnvöldum.

Regla I/11

Endurgilding skírteina

1 Hverjum þeim skipstjóra, yfirmanni eða talstöðvarverði, sem er handhafi skírteinis, sem útgefið hefur verið eða viðurkennt í samræmi við einhvern kafla samningsins, annan en VI. kafla, og starfar á sjó eða hyggst hverfa aftur til slíkra starfa eftir nokkurn tíma í landi, skal gert að sýna fram á það eigi sjaldnar en á fimm ára fresti að hann uppfylli eftirtalin skilyrði til að halda réttindum sínum til starfa á sjó:

- .1 að hann fullnægi heilbrigðisstöðlunum sem mælt er fyrir um í reglu I/9; og
- .2 að starfshæfni hans sé enn fullnægjandi samkvæmt þætti A-I/11 í STCW-kóðanum.

2 Hver sá skipstjóri, yfirmaður eða talstöðvarvörður, sem vill starfa áfram um borð í skipi sem sérstakar menntunar- og þjálfunarkröfur hafa verið gerðar um með alþjóðlegu samkomulagi, verður að ljúka viðeigandi menntun og þjálfun með fullnægjandi árangri.

3 Sérhver samningsaðili skal bera saman hæfnisstaðla þá, sem hann setti umsækjendum um skírteini, sem eru gefin út fyrir 1. febrúar 2002, og hæfnisstaðlana, sem tilgreindir eru fyrir viðeigandi skírteini í A-hluta STCW-kóðans, og ákveða hvort krefjast þarf af handhöfum slíkra skírteina að þeir gangist undir viðeigandi símenntun og endurmenntun eða hæfnismat.

4 Samningsaðilinn skal hafa samráð við þá sem málið varðar um að skipuleggja eða láta skipuleggja endurmenntunarnámskeið í samræmi við þátt A-I/11 í STCW-kóðanum.

5 Með það fyrir augum að endurnýja þekkingu skipstjóra, yfirmanna og talstöðvarvarða skulu stjórnvöld sjá til þess að nýlegar breytingar á innlendum og alþjóðlegum reglum um öryggi mannlífa á sjó og verndun umhverfis hafsins séu aðgengilegar þeim sem mega sigla undir fána þeirra.

Regla I/12

Notkun herma

1 Verkstöðlum og öðrum ákvæðum, sem sett eru fram í þætti A-I/12, og þeim kröfum öðrum, sem mælt er fyrir um í A-hluta STCW-kóðans vegna einhvers af þeim skírteinum, sem þar er fjallað um, skal öllum fullnægt vegna:

- .1 allrar lögboðinnar menntunar og þjálfunar með aðstoð herma;
- .2 alls hæfnismats sem krafist er í A-hluta STCW-kóðans og fram fer með aðstoð hermis; og
- .3 allrar notkunar herma til að sýna fram á að kunnáttu hafi verið haldið við eins og krafist er í A-hluta STCW-kóðans.

2 Samkvæmt ákvörðun samningsaðilans, sem á í hlut, má undanþiggja fullu samræmi við verkstaðlana, sem getið er í 1. mgr., þá herma sem settir eru upp eða teknir í notkun fyrir 1. febrúar 2002.

Regla I/13

Framkvæmd prófana

1 Þessar reglur eiga ekki að hindra að stjórnvöld leyfi skipum, sem mega sigla undir fána þeirra, að taka þátt í prófunum.

2 Að því er varðar þessa reglu merkir „prófun“ tilraun eða röð tilrauna, sem gerð er í tiltekinn tíma og náð getur til notkunar sjálfvirkra eða samhæfðra kerfa með það fyrir augum að leggja mat á *frávikaðferðir við framkvæmd sértækra skyldustarfa eða við að fullnægja ákveðinni tilhögun, sem samningurinn mælir fyrir um, þ.e. aðferðir sem eiga að veita eigi síðra öryggi og eigi minni mengunarvarnir en gert er ráð fyrir í þessum reglum.

3 Stjórnvöldin sem leyfa þátttöku skipa í prófunum skulu hafa gengið úr skugga um að við framkvæmd prófananna sé gætt að minnsta kosti sama öryggis og sömu mengunarvarna og reglur

þessar gera ráð fyrir. Slíkar prófanir skulu fara fram í samræmi við leiðbeiningar sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur gefið út.*

4 Upplýsingar um slíkar prófanir skulu sendar Alþjóðasiglingamálastofnuninni jafnskjótt og unnt er en eigi síðar en sex mánuðum áður en prófanirnar eiga að hefjast. Stofnunin skal dreifa upplýsingunum til allra samningsaðila.

5 Niðurstöður prófana, sem heimilaðar eru í samræmi við 1. mgr. ásamt hverjum þeim athugasemdum, sem stjórnvöld kunna að gera við þær, skal senda Alþjóðasiglingamálastofnuninni, og skal hún dreifa slíkum niðurstöðum og athugasemdum til allra samningsaðila.

6 Hver sá samningsaðili, sem eitthvað hefur á móti tilteknum prófunum, sem heimilaðar eru í samræmi við þessa reglu, skyldi senda slík mótmæli Alþjóðasiglingamálastofnuninni jafnskjótt og unnt er. Stofnunin skal dreifa upplýsingum um mótmælin til allra samningsaðila.

7 Stjórnvöld, sem hafa heimilað prófun, skulu virða þau mótmæli, sem borist hafa frá öðrum samningsaðilum vegna slíkra prófana, og gefa skipum, sem mega sigla undir fána þeirra, fyrirmæli um að gera ekki slíkar prófanir í landhelgi þeirra strandríkja sem sent hafa Alþjóðasiglingamálastofnuninni mótmæli sín.

8 Komist stjórnvöld að þeirri niðurstöðu, á grundvelli prófunar, að tiltekið kerfi tryggi að minnsta kosti sama öryggi og sömu mengunarvarnir og kveðið er á um í þessum reglum, þá mega þau heimila skipum, sem mega sigla undir fána þeirra, að starfrækja slíkt kerfi áfram ótímabundið enda sé eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- .1 þegar niðurstöður prófunarinnar hafa verið sendar inn í samræmi við 5. mgr. skulu stjórnvöldin leggja fram hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni upplýsingar um heimildir af þessu tagi og tilgreina meðal annars skipin, sem heimildina fá, og dreifir stofnunin þessum upplýsingum til allra samningsaðila;
- .2 við starfrækslu, sem heimiluð er samkvæmt þessari málsgrein skal þeim leiðbeiningum, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin kann að hafa sett fram, fylgt jafnítarlega og skylt er meðan prófun stendur yfir;
- .3 við slíka starfrækslu skal virða mótmæli, sem borist hafa frá öðrum samningsaðilum í samræmi við 7. mgr., nema þau hafi verið afturkölluð; og
- .4 starfræksla, sem heimiluð er samkvæmt þessari málsgrein, skal eingöngu leyfð á meðan beðið er ákvörðunar siglingaöryggisnefndar um hvort breyting á samningnum væri við hæfi, og þá hvort starfrækslunni skuli frestað eða leyft að hún haldi áfram þar til breytingin tekur gildi.

9 Siglingaöryggisnefnd skal tilgreina hvaða dag niðurstöður prófana verða skoðaðar og viðeigandi ákvarðanir teknar, fari samningsaðili fram á það.

* Sjá viðmiðunarreglur til bráðabirgða um framkvæmd prófana þar sem yfirmaður á siglingavakt er eini vaktmaðurinn þegar dimmt er.

Regla I/14

Ábyrgð félaga

1 Í samræmi við ákvæðin í þætti A-I/14 skulu stjórnvöld gera félög ábyrg fyrir því að sjómönnum sé skipað til starfa á skipum þeirra í samræmi við ákvæði samningsins og láta sérhvert félag sjá til þess:

- .1 að allir sjómenn sem settir eru til starfa á skipum félagsins hafi viðeigandi skírteini í samræmi við ákvæði samningsins og ákvarðanir stjórnvalda;
- .2 að skip félagsins séu mönnuð samkvæmt gildandi kröfum stjórnvalda um öryggismönnun;
- .3 að skjölum og gögnum um alla sjómenn, sem starfa á skipum félagsins, sé haldið við og þau gerð aðgengileg, og í þeim sé að finna, meðal annars, skjöl og gögn um reynslu þeirra, menntun og þjálfun, heilbrigði og hæfni til þeirra verka sem þeim hafa verið falin;
- .4 að þegar sjómenn eru skráðir á skip félagsins fái þeir vitneskju um skyldustörf sín og allt það, sem lýtur að tilhögun, búnaði, tækjum, starfsaðferðum og sérstökum eigindum skipsins og máli skiptir fyrir dagleg störf þeirra eða viðbrögð í bráðatilvikum; og
- .5 að allir skipverjar geti með skilvirkum hætti samræmt athafnir sínar í bráðatilvikum og við störf sem nauðsynleg eru vegna öryggis eða til að fyrirbyggja eða draga úr mengun.

Regla I/15

Bráðabirgðaákvæði

1 Til 1. febrúar 2002 mega samningsaðilar halda áfram að gefa út, viðurkenna og árita skírteini í samræmi við þau ákvæði samningsins, sem voru í gildi fram til 1. febrúar 1997, þegar um er að ræða sjómenn sem hófu viðurkennd störf á skipi, viðurkennt nám eða þjálfun eða viðurkennt þjálfunarnámskeið fyrir 1. ágúst 1998.

2 Til 1. febrúar 2002 mega samningsaðilar halda áfram að endurnýja og endurgilda skírteini og áritanir í samræmi við þau ákvæði samningsins sem voru í gildi fram til 1. febrúar 1997.

3 Þegar samningsaðili fer eftir reglu I/11 og gefur út að nýju skírteini, sem gefin voru út upprunalega af sama samningsaðila í samræmi við þau ákvæði samningsins, sem voru í gildi fram til 1. febrúar 1997, eða framlengir gildistíma þeirra, þá er honum heimilt að breyta stærðarmörkunum, sem koma fram á upprunalega skírteininu, sem hér segir:

- .1 í stað „200 brúttórúmllestir“ má setja „500 brúttótonn“; og
- .2 í stað „1 600 brúttórúmllestir“ má setja „3 000 brúttótonn“.

II. KAFLI

Skipstjóri og þilfarsdeild

Regla II/1

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi sem yfirmaður siglingavaktar á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri

- 1 Sérhver yfirmaður siglingavaktar, sem starfar um borð í skipi, sem siglir á opnu hafi og er 500 brúttótonn eða stærra, skal hafa viðeigandi skírteini.
- 2 Umsækjandi um réttindi skal:
 - .1 vera 18 ára að aldri hið minnsta;
 - .2 hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem nemur að minnsta kosti einu ári, enda hafi hann verið hluti af viðurkenndu menntunar- og þjálfunarstarfi og menntun og þjálfun um borð fullnægt kröfunum í þætti A-II/1 í STCW-kóðanum, og skal siglingatíminn skráður í viðurkennda þjálfunarbók, eða hafa að baki að öðrum kosti viðurkenndan siglingatíma sem nemur að minnsta kosti þremur árum;
 - .3 hafa staðið vaktir í brú á siglingatímanum undir eftirliti skipstjóra eða yfirmanns með full réttindi um að minnsta kosti sex mánaða skeið;
 - .4 uppfylla gildandi kröfur reglnanna í IV. kafla, eftir því sem við á, til að geta unnið tiltekin skyldustörf við fjarskipti í samræmi við ákvæði alþjóðaradíó-reglugerðarinnar;
 - .5 hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-II/1 í STCW-kóðanum.

Regla II/2

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi sem skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri

Skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum sem eru 3 000 brúttótonn eða stærri

- 1 Sérhver skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum, sem sigla á opnu hafi og eru 3 000 brúttótonn eða stærri, skal hafa viðeigandi skírteini.
- 2 Umsækjandi um réttindi skal:
 - .1 fullnægja kröfum til að öðlast réttindi sem yfirmaður siglingavaktar á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri og hafa að baki sem slíkur viðurkenndan siglingatíma:

- .1.1 eigi skemmri en 12 mánuði til að öðlast réttindi sem yfirstýrimaður, og
- .1.2 eigi skemmri en 36 mánuði til að öðlast réttindi sem skipstjóri; þó er heimilt að stytta þennan tíma í 24 mánuði hið minnsta ef umsækjandi hefur starfað sem yfirstýrimaður að minnsta kosti 12 mánuði af slíkum siglingatíma; og
- .2 hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-II/2 í STCW-kóðanum fyrir skipstjóra og yfirstýrimenn á skipum sem eru 3 000 brúttótonn eða stærri.

Skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum milli 500 og 3 000 brúttótonn

- 4 Sérhver skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum, sem sigla á opnu hafi og eru milli 500 og 3 000 brúttótonn skal hafa viðeigandi skírteini.
- 4 Umsækjandi um réttindi skal:
 - .1 fullnægja kröfum til yfirmanns siglingavaktar á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri, til að öðlast réttindi sem yfirstýrimaður;
 - .2 fullnægja kröfum til yfirmanns siglingavaktar á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri og hafa að baki sem slíkur viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en 36 mánuði, til að öðlast réttindi sem skipstjóri; þó er heimilt að stytta þennan tíma í 24 mánuði hið minnsta ef umsækjandi hefur starfað sem yfirstýrimaður að minnsta kosti 12 mánuði af slíkum siglingatíma; og
 - .3 hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-II/2 í STCW-kóðanum fyrir skipstjóra og yfirstýrimenn á skipum milli 500 og 3 000 brúttótonn.

Regla II/3

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi sem yfirmaður siglingavaktar eða skipstjóri á skipum sem eru minni en 500 brúttótonn

Skip önnur en strandsiglingaskip

- 1 Sérhver yfirmaður siglingavaktar á skipum, sem sigla á opnu hafi og eru minni en 500 brúttótonn, öðrum en strandsiglingaskipum, skal hafa viðeigandi skírteini fyrir skip sem eru 500 brúttótonn eða stærri.
- 2 Sérhver skipstjóri á skipum, sem sigla á opnu hafi og eru minni en 500 brúttótonn, öðrum en strandsiglingaskipum, skal hafa viðeigandi skírteini fyrir skipstjóra á skipum milli 500 og 3 000 brúttótonn.

Strandsiglingaskip

Yfirmaður siglingavaktar

- 3 Sérhver yfirmaður siglingavaktar á skipum, sem sigla á opnu hafi, eru minni en 500 brúttótonn og eru notuð til strandsiglinga, skal hafa viðeigandi skírteini.

4 Umsækjandi um réttindi sem yfirmaður siglingavaktar á skipum, sem sigla á opnu hafi, eru minni en 500 brúttótonn og eru notuð til strandsiglinga, skal:

- .1 vera 18 ára að aldri hið minnsta;
- .2 hafa að baki:
 - .2.1 sérstaka þjálfun, meðal annars nægilega langan viðeigandi siglingatíma eftir því sem stjórnvöld gera kröfur um, eða
 - .2.2 viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en þrjú ár við störf á þilfari;
- .3 fullnægja gildandi kröfum reglnanna í IV. kafla, eftir því sem við á, til að geta unnið tiltekin skyldustörf við fjarskipti í samræmi við alþjóðaradío-reglurnar; og
- .4 hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-II/3 í STCW-kóðanum fyrir yfirmenn siglingavaktar á skipum minni en 500 brúttótonn sem eru notuð til strandsiglinga.

Skipstjóri

5 Sérhver skipstjóri á skipum, sem sigla á opnu hafi, eru minni en 500 brúttótonn og eru notuð til strandsiglinga, skal hafa viðeigandi skírteini.

6 Umsækjandi um réttindi sem skipstjóri á skipum, sem sigla á opnu hafi, eru minni en 500 brúttótonn og eru notuð til strandsiglinga, skal:

- .1 vera tvítugur að aldri hið minnsta;
- .2 hafa að baki viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en 12 mánuði sem yfirmaður siglingavaktar; og
- .3 hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-II/3 í STCW-kóðanum fyrir skipstjóra á skipum minni en 500 brúttótonn sem eru notuð til strandsiglinga.

Undanþágur

7 Telji stjórnvöld að vegna stærðar skipsins og notkunar þess sé ósanngjarnt eða óraunhæft að halda til hins ítrasta kröfum þessarar reglu og þáttar A-II/3 í STCW-kóðanum, þá er þeim heimilt að veita skipstjóra eða yfirmanni siglingavaktar á þess konar skipum eða flokki skipa undanþágu frá sumum þessara krafna, eftir því sem við á og að teknu tilliti til öryggis þeirra skipa sem kunna að vera á sömu siglingaleiðum.

Regla II/4

*Lögboðnar lágmarkskröfur til háseta sem standa siglingavakt**

1 Sérhver háseti, sem stendur siglingavakt á skipi, sem siglir á opnu hafi og er 500 brúttótonn eða stærra, að frátöldum þeim, sem gangast undir þjálfun og þeim, sem ekki þarfnast sérkunnáttu vegna starfa sinna á vaktinni, skal hafa fullnægjandi skírteini vegna slíkra skyldustarfa.

2 Umsækjandi um réttindi skal:

- .1 vera 16 ára að aldri hið minnsta;
- .2 hafa að baki:
 - .2.1 viðurkenndan siglingatíma með sex mánaða menntun, þjálfun og reynslu hið minnsta, eða
 - .2.2 sérstaka þjálfun, annað hvort í landi eða um borð í skipi, þar á meðal viðurkenndan siglingatíma sem eigi má vera skemmri en tveir mánuðir; og
- .3 fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-II/4 í STCW-kóðanum.

3 Siglingatíminn, menntunin, þjálfunin og reynslan, sem krafist er í undirgreinunum 2.2.1 og 2.2.2, skulu tengjast störfum á siglingavakt og fela í sér meðal annars skyldustörf sem unnin eru undir beinu eftirliti skipstjóra, yfirmanns siglingavaktar eða háseta sem til þess hefur réttindi.

4 Samningsaðila er heimilt að telja sjómenn fullnægja kröfum þessarar reglu ef þeir hafa gegnt viðeigandi störfum á þilfari um eins árs skeið að minnsta kosti á næstu fimm árum fyrir gildistöku samningsins hjá sama samningsaðila.

* Þetta eru ekki sömu kröfur og gerðar eru vegna veitingar starfsréttinda til sjómanna samkvæmt samningi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1946 (ILO Certification of Able Seamen Convention), né nokkrum öðrum síðari samningi.

III. KAFLI Vélarúm

Regla III/1

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi sem yfirmaður vaktar í mönnuðu vélarúmi eða réttindi sem vaktvélstjóri vélarúmi sem er ómannað öðru hvoru.

- 1 Sérhver yfirmaður vaktar í mönnuðu vélarúmi eða eftirlitsvélstjóri í vélarúmi, sem er ómannað öðru hvoru á skipi, sem siglir á opnu hafi og knúid er aðalvél með 750 kW framdrifsafli eða meira, skal hafa viðeigandi skírteini.
- 2 Umsækjandi um réttindi skal:
 - .1 vera 18 ára að aldri hið minnsta;
 - .2 hafa að baki að minnsta kosti sex mánaða siglingatíma í vélarúmi í samræmi við þátt A-III/1 í STCW-kóðanum; og
 - .3 hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun sem er eigi skemmri en 30 mánuðir, meðal annars þjálfun um borð sem skráð er í viðurkennda þjálfunarbók, og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-III/1 í STCW-kóðanum.

Regla III/2

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi sem yfirvélstjóri og annar vélstjóri á skipum knúnum aðalvél með 3 000 kW framdrifssafli eða meira.

- 1 Sérhver yfirvélstjóri og annar vélstjóri á skipum, sem sigla á opnu hafi og knúin eru aðalvél með 3 000 kW framdrifsafli eða meira, skal hafa viðeigandi skírteini.
- 2 Umsækjandi um réttindi skal:
 - .1 fullnægja kröfum til að öðlast réttindi sem yfirmaður vaktar í vélarúmi og:
 - .1.1 hafa að baki að minnsta kosti 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma sem aðstoðarvélstjóri eða vélstjóri, til að öðlast réttindi sem annar vélstjóri, og
 - .1.2 hafa að baki að minnsta kosti 36 mánaða viðurkenndan siglingatíma, þar af að minnsta kosti 12 mánaða starf sem vélstjóri í ábyrgðarstöðu eftir að hafa uppfyllt skilyrði til að starfa sem annar vélstjóri, til að öðlast réttindi sem yfirvélstjóri; og
 - .2 hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-III/2 í STCW-kóðanum.

Regla III/3

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi sem yfirvélstjóri og annar vélstjóri á skipum sem knúin eru aðalvél með 750 til 3 000 kW framdriftsafl

1 Sérhver yfirvélstjóri og annar vélstjóri á skipum, sem sigla á opnu hafi og knúin eru aðalvél með milli 750 og 3 000 kW framdriftsafl, skulu hafa viðeigandi skírteini.

2 Umsækjandi um réttindi skal:

.1 fullnægja kröfum til að öðlast réttindi sem yfirmaður vaktar í vélarúmi og:

.1.1 hafa að baki að minnsta kosti 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma sem aðstoðarvélstjóri eða vélstjóri, til að öðlast réttindi sem annar vélstjóri, og

.1.2 hafa að baki að minnsta kosti 24 mánaða viðurkenndan siglingatíma, þar af að minnsta kosti 12 mánaða starf eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem annar vélstjóri, til að öðlast réttindi sem yfirvélstjóri; og

.2 hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-III/3 í STCW-kóðanum.

3 Hver sá vélstjóri, sem hefur réttindi til starfa sem annar vélstjóri á skipum sem knúin eru aðalvél með 3 000 kW framdriftsafl eða meira, má starfa sem yfirvélstjóri á skipum, sem knúin eru aðalvél með minna en 3 000 kW framdriftsafl, enda hafi hann að baki að minnsta kosti 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma sem vélstjóri í ábyrgðarstöðu og áritun um það á skírteini sínu.

Regla III/4

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi sem háseti sem stendur vaktir í mönnuðu vélarúmi eða er settur til að gegna skyldustörfum í vélarúmi sem er ómannað öðru hvoru

1 Sérhver háseti sem stendur vaktir í vélarúmi eða settur er til að gegna skyldustörfum í vélarúmi, sem er ómannað öðru hvoru á haffæru skipi, sem knúið er aðalvél með 750 kW framdriftsafl eða meira, að undanskildum hásetum, sem gangast undir þjálfun, og hásetum, sem gegna skyldustörfum sem ekki krefjast sérkunnáttu, skal hafa fullnægjandi skírteini til að gegna slíkum skyldustörfum.

2 Umsækjandi um réttindi skal:

.1 vera 16 ára að aldri hið minnsta;

.2 hafa að baki:

.2.1 viðurkenndan siglingatíma með að minnsta kosti sex mánaða þjálfun og reynslu, eða

.2.2 sérstaka þjálfun, annað hvort í landi eða um borð í skipi, meðal annars viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en tvo mánuði; og

.3 fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-III/4 í STCW-kóðanum.

3 Siglingatíminn, menntunin, þjálfunin og reynslan sem krafist er í undirgreinunum 2.2.1 og 2.2.2 skulu tengjast störfum við vaktir í vélarúmi og fela í sér skyldustörf sem unnin eru undir beinu eftirliti vélstjóra með full réttindi eða háseta með full réttindi.

4 Samningsaðila er heimilt að telja sjómenn fullnægja kröfum þessarar reglu ef þeir hafa gegnt tilskildum störfum í vélarúmi um eins árs skeið að minnsta kosti á næstu fimm árum fyrir gildistöku samningsins hjá sama samningsaðila.

IV. KAFLI

Práðlaus fjarskipti og fjarskiptamenn.

Til skýringar:

Lögboðin ákvæði um vaktstöðu í fjarskiptastöðvum er að finna í alþjóðaradíóreglunum og alþjóðasamningi frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), með áorðnum breytingum. Ákvæði um viðhald fjarskiptabúnaðar er að finna í alþjóðasamningi frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu, með áorðnum breytingum, og í leiðbeiningum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.*

Regla IV/1

Beiting

1 Með fyrirvara um ákvæðin í 3. mgr. gilda ákvæði þessa kafla um fjarskiptamenn á skipum, sem eru starfrækt í alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS) eins og mælt er fyrir um í alþjóðasamningi frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), með áorðnum breytingum.

2 Fram til 1. febrúar 1999 ber fjarskiptamönnum á skipum, sem fullnægja þeim ákvæðum alþjóðasamnings frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), sem voru í gildi fyrir 1. febrúar 1992, að fullnægja þeim ákvæðum alþjóðasamnings frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) sem voru í gildi fyrir 1. desember 1992.

3 Fjarskiptamenn á skipum, sem ekki er gert skylt í IV. kafla alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu að hlíta ákvæðum heimsöryggiskerfis til nota í sjávarháská, þurfa ekki að fara eftir ákvæðunum í þessum kafla. Fjarskiptamenn á þeim skipum þurfa engu að síður að hlíta alþjóðaradíóreglunum. Stjórnvöld skulu sjá til þess slíkir fjarskiptamenn fái útgefin eða viðurkennd viðeigandi skírteini samkvæmt því sem mælt er fyrir um í alþjóðaradíóreglunum.

Regla IV/2

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi sem fjarskiptamaður í GMDSS-fjarskiptastöð.

1 Hver sá sem ber ábyrgð á eða sinnir skyldustörfum við fjarskipti á skipi sem skylt er að taka þátt í GMDSS-kerfinu skal hafa viðeigandi skírteini með tilvísun til þess kerfis, útgefið eða viðurkennt af hálfu stjórnvalda í samræmi við ákvæði alþjóðaradíóreglnanna.

2 Að auki skal umsækjandi um réttindi samkvæmt þessari reglu til starfa á skipi sem skal búið fjarskiptabúnaði samkvæmt alþjóðasamningi frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), með áorðnum breytingum:

- .1 vera 18 ára að aldri hið minnsta; og

* Sjá viðmiðunarreglur um viðhald fjarskiptabúnaðar vegna heimsöryggiskerfisins til nota í sjávarháská (GMDSS) á hafsvæðum A3 og A4, sem samþykktar voru af stofnuninni með ályktun A.702(17).

- .2 hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er í þætti A-IV/2 í STCW-kóðanum.

V. KAFLI

Sérstakar þjálfunarkröfur sem gerðar eru til skipverja á tilteknum tegundum skipa.

Regla V/1

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna menntunar, þjálfunar og réttinda skipstjóra, annarra yfirmanna og háseta á tankskipum

1 Yfirmenn og hásetar sem settir eru til ákveðinna skyldustarfa og ábyrgðar vegna farms eða farmbúnaðar í tankskipum skulu hafa lokið í landi viðurkenndu námskeiði í slökkvistörfum auk þeirrar þjálfunar sem áskilin er í reglu VI/1 og hafa að baki:

- .1 að minnsta kosti þriggja mánaða viðurkenndan siglingatíma á tankskipum til að öðlast fullnægjandi þekkingu á öruggum vinnubrögðum; eða
- .2 viðurkennt kynningarnámskeið um tankskip sem tekur að minnsta kosti til þess námsefnis sem gefið er upp vegna slíkra námskeiða í þætti A-V/1 í STCW-kóðanum,

Þó þannig að stjórnvöldum er heimilt að viðurkenna styttri siglingatíma undir eftirliti en tilskilinn er í undirgrein .1, að því tilskildu að:

- .3 sá siglingatími sé einn mánuður hið minnsta;
- .4 tankskipið sé minna en 3 000 brúttótonn;
- .5 hver sjóferð, sem tankskipið fer á siglingatímanum, sé eigi lengri en 72 stundir; og
- .6 starfið sem unnið er á tankskipinu og fjöldi sjóferða, lestana og losana á siglingatímanum tryggi að jafnmikil þekking og jafnmikil reynsla náist.

2 Skipstjórar, yfirvélstjórar, yfirstýrimenn, aðrir vélstjórar og aðrir þeir sem bera beina ábyrgð á lestun, losun og eftirliti með flutningi eða meðferð farms skulu fullnægja kröfunum í undirgreinunum 1.1 eða 1.2 og hafa auk þess að baki:

- .1 viðeigandi reynslu vegna skyldustarfa sinna um borð í tankskipi af því tagi sem þeir eru skráðir á; og
- .2 viðurkennt sérþjálfunarnámskeið sem tekur að minnsta kosti til þess efnis sem sett er fram í þætti A-V/1 í STCW-kóðanum og snertir skyldustörf þeirra á því olíuflutningaskipi, efnaflutningaskipi eða gasflutningaskipi sem þeir eru skráðir á.

3 Fyrstu tvö árin eftir að samningurinn hefur tekið gildi hjá samningsaðila er heimilt að líta svo á að sjómenn hafi fullnægt kröfunum í undirgrein 2.2 ef þeir hafa gegnt störfum á viðeigandi sviði á tankskipi þeirrar gerðar sem um er að ræða um eins árs skeið að minnsta kosti næstu fimm ár á undan.

4 Stjórnvöld skulu sjá til þess að skipstjórar og aðrir yfirmenn, sem hafa réttindi í samræmi við 1. eða 2. málsgrein eftir því sem við á, fái útgefið viðeigandi skírteini eða tilskilda áritun á gildandi skírteini. Allir hásetar sem hafa réttindi skulu fá skírteini því til staðfestingar.

Regla V/2

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna menntunar, þjálfunar og réttinda skipstjóra, annarra yfirmanna, háseta og annarra skipverja á ekjufarþegaskipum

1 Þessi regla gildir um skipstjóra, aðra yfirmenn, háseta og aðra skipverja sem starfa um borð í ekjufarþegaskipum í millilandasiglingum. Stjórnvöld skulu ganga úr skugga um í hvaða mæli rétt er að láta þessar kröfur ná til skipverja á ekjufarþegaskipum í siglingum innanlands.

2 Áður en sjómönnum eru fengin skyldustörf um borð í ekjufarþegaskipum skulu þeir hafa lokið þeirri menntun og þjálfun, sem krafist er í 4. til 8. mgr. hér á eftir, í samræmi við stöðu sína, skyldustörf og ábyrgð.

3 Þeir sjómenn, sem krafist er menntunar og þjálfunar af í samræmi við 4., 7. og 8. mgr. hér á eftir, skulu gangast undir viðeigandi endurmenntun og þjálfun eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

4 Skipstjórar, aðrir yfirmenn og skipverjar, sem settir eru á verkefnalista á neyðarstundu til aðstoðar farþegum um borð í ekjufarþegaskipum í neyðartilvikum skulu hafa lokið þjálfun í stjórn stórra hópa fólks eins og tilgreint er í 1. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.

5 Skipstjórar, aðrir yfirmenn og aðrir skipverjar, sem settir eru til ákveðinna skyldustarfa og ábyrgðarstarfa um borð í ekjufarþegaskipum, skulu hafa lokið kynningarþjálfun þeirri sem tilgreind er í 2. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.

6 Skipverjar, sem veita farþegum í farþegarými um borð í ekjufarþegaskipum beina þjónustu, skulu hafa lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál sem tilgreint er í 3. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.

7 Skipstjórar, yfirstýrimenn, yfirvélstjórar, aðrir vélstjórar og allir aðrir, sem hafa með höndum bein ábyrgðarstörf vegna ferða farþega um borð og frá borði, lestunar, losunar eða frágangs á farmi eða lokunar opa á byrðingi skíps, skulu hafa lokið viðurkenndri þjálfun vegna öryggis farþega og farms og heilleika byrðings eins og tilgreint er í 4. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.

8 Skipstjórar, yfirstýrimenn, yfirvélstjórar, aðrir vélstjórar og allir aðrir, sem hafa með höndum bein ábyrgðarstörf vegna öryggis farþega í neyðartilvikum um borð í ekjufarþegaskipum, skulu hafa lokið viðurkenndri þjálfun í *bráðastjórn og mannlegum viðbrögðum eins og tilgreint er í 5. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.

9 Stjórnvöld skulu sjá til þess að allir, sem vinna sér réttindi í samræmi við ákvæði þessarar reglu, fái útgefin skjöl til staðfestingar á menntuninni og þjálfuninni sem þeir hafa fengið.

VI. KAFLI

Bráðatilvik, vinnuvernd, heilsugæsla og björgun mannlífa.

Regla VI/1

Lögboðnar lágmarkskröfur til allra sjómanna vegna kynningar, grunnþjálfunar og kennslu um öryggismál

Sjómenn skulu njóta leiðsagnar um öryggismál og hljóta grunnþjálfun eða kennslu í samræmi við þátt A-VI/1 í STCW-kóðanum og fullnægja viðeigandi hæfnisstaðli sem þar er tilgreindur.

Regla VI/2

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna útgáfu sérstakra prófskírteina til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarfara, björgunarbáta og björgunarhraðbáta

1 Umsækjandi um sérstakt prófskírteini til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarfara og björgunarbáta, annarra en björgunarhraðbáta, skal:

- .1 vera 18 ára að aldri hið minnsta;
- .2 hafa að baki siglingatíma eigi skemmri en 12 mánuði eða hafa sótt viðurkennt þjálfunarnámskeið og hafa að baki viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en sex mánuði; og
- .3 fullnægja hæfnisstaðli þeim vegna sérstakra prófskírteina til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarfara og björgunarbáta sem settur er fram í 1. til 4. mgr. þáttar A-VI/2 í STCW-kóðanum.

2 Umsækjandi um sérstakt prófskírteini til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarhraðbáta skal:

- .1 vera handhafi sérstaks prófskírteinis til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarfara og björgunarbáta, annarra en björgunarhraðbáta;
- .2 hafa sótt viðurkennt þjálfunarnámskeið; og
- .3 fullnægja hæfnisstaðli þeim vegna sérstakra prófskírteina til sönnunar á hæfni í meðferð björgunarhraðbáta sem settur er fram í 5. til 8. mgr. þáttar A-VI/2 í STCW-kóðanum.

Regla VI/3

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna þjálfunar til erfiðra slökkvistarfa

1 Sjómenn, sem settir eru til að stjórna slökkvistörfum, skulu hafa lokið með viðunandi árangri framhaldsþjálfun í aðferðum við slökkvistarf með sérstaka áherslu á skipulag, aðferðir og

stjórnun í samræmi við ákvæði þáttar A-VI/3 í STCW-kóðanum og fullnægja hæfnisstaðlinum sem tilgreindur er þar.

2 Ef framhaldsþjálfun í slökkvistörfum er ekki hluti af því, sem krafist er til réttinda vegna skírteinisins, sem gefa á út, þá skal gefa út sérstakt skírteini eða annað skjal, eftir því sem við á, þar sem fram kemur að handhafi þess hafi sótt framhaldsnámskeið í slökkvistörfum.

Regla VI/4

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna hjálpar í viðlögum og heilsugæslu

1 Sjómenn, sem settir eru til þess að veita hjálp í viðlögum um borð í skipi, skulu fullnægja hæfnisstaðli þeim vegna hjálpar í viðlögum sem tilgreindur er í 1. til 3. mgr. þáttar A-VI/4 í STCW-kóðanum.

2 Sjómenn, sem settir eru til þess að stjórna heilsugæslu um borð í skipi, skulu fullnægja hæfnisstaðli þeim vegna heilsugæslu í skipum sem tilgreindur er í 4. til 6. mgr. þáttar A-VI/4 í STCW-kóðanum.

3 Ef þjálfun í hjálp í viðlögum eða heilsugæslu er ekki hluti af því, sem krafist er til réttinda vegna skírteinisins sem gefa á út, þá skal gefa út sérstakt skírteini eða annað skjal, eftir því sem við á, þar sem fram kemur að handhafi þess hafi sótt námskeið í hjálp í viðlögum eða heilsugæslu.

VII. KAFLI

Annars konar skírteini.

Regla VII/1

Útgáfa annars konar skírteina

1 Þrátt fyrir kröfur þær, sem gerðar eru vegna útgáfu skírteina í II. og III. kafla þessa viðauka, er samningsaðilum heimilt að gefa út annars konar skírteini en þau sem nefnd eru í reglum þessara kafla, eða leyfa útgáfu þeirra, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

- .1 starfssvið og ábyrgðarstig sem koma eiga fram á þessum skírteinum og áritunum skulu vera meðal þeirra sem finna má í þáttum A-II/1, A-II/2, A-II/3, A-II/4, A-III/1, A-III/2, A-III/3, A-III/4 og A-IV/2 í STCW-kóðanum og skilgreind nákvæmlega eins;
- .2 umsækjendur skulu hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja þeim kröfum um hæfnisstaðla sem mælt er fyrir um í viðeigandi þáttum STCW-kóðans og settar eru fram í þætti A-VII/1 í sömu reglum, og eiga við það starfssvið og það ábyrgðarstig sem koma á fram á skírteinum og áritunum;
- .3 umsækjendur skulu hafa að baki viðurkenndan siglingatíma eins og viðeigandi er fyrir það starfssvið og það ábyrgðarstig sem koma á fram á skírteininu. Siglingatíminn skal eigi vera skemmri en sá sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla þessa viðauka. Þó má hann ekki vera skemmri en mælt er fyrir um í þætti A-VII/2 í STCW-kóðanum.
- .4 þeir umsækjendur um réttindi sem eiga að sinna siglingafræðistörfum á framkvæmdasviði skulu fullnægja gildandi kröfum reglnanna í IV. kafla, eftir því sem við á, til að geta sinnt tilteknum skyldustörfum við fjarskipti í samræmi við alþjóðaradíóreglurnar; og
- .5 skírteinin skal gefa út í samræmi við kröfurnar í reglu I/9 og ákvæðin sem koma fram í VII. kafla STCW-kóðans.

2 Ekkert skírteini má gefa út samkvæmt þessum kafla nema samningsaðilinn hafi sent til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar upplýsingar í samræmi við IV. gr. og reglu I/7.

Regla VII/2

Skírteini sjómanna

1 Allir sjómenn, sem hafa með höndum starfssvið, eitt eða fleiri, sem tilgreind eru í töflum A-II/1, A-II/2, A-II/3 eða A-II/4 í II. kafla STCW-kóðans eða í töflum A-III/1, A-III/2, A-III/4 í III. kafla eða A-IV/2 í IV. kafla, skulu hafa viðeigandi skírteini.

Regla VII/3

Meginreglur um útgáfu annars konar skírteina

1 Hver sá samningsaðili, sem tekur þann kost að gefa út annars konar skírteini eða leyfa útgáfu þeirra, skal sjá til þess að farið sé að eftirtöldum meginreglum:

- .1 ekki má taka í notkun kerfi annars konar skírteina nema með því sé tryggt að minnsta kosti jafnmikið öryggi á hafinu og jafnmiklar mengunarvarnir og kveðið er á um í öðrum köflum viðaukans; og
- .2 hver sem tilhögun annars konar skírteina í samræmi við þennan kafla er skal hún vera með þeim hætti að skírteinin séu jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við aðra kafla viðaukans.

2 Meginreglan í 1. mgr. um að skírteinin skuli vera jafngild á að tryggja:

- .1 að sjómenn, sem hafa skírteini í samræmi við II. og/eða III. kafla, og sjómenn, sem hafa skírteini í samræmi við VII. kafla, geti starfað á skipum þar sem skipulag er með hefðbundnum hætti og skipum þar sem skipulag er annað; og
- .2 að sjómenn séu ekki þjálfaðir til ákveðinna starfa um borð á þann hátt að þeim sé gert erfitt um vik að nýta kunnáttu sína annars staðar.

3 Þegar skírteini eru gefin út í samræmi við ákvæðin í þessum kafla skal fara að eftirtöldum meginreglum:

- .1 ekki má grípa til útgáfu annars konar skírteina í þeim tilgangi:
 - .1 að fækka mönnum í áhöfn,
 - .2 að draga úr styrk starfsstéttarinnar eða rýra gildi starfsmenntunar hjá sjómönnum, eða
 - .3 að réttlæta það að einum og sama skírteinishafa séu fengin í hendur skyldustörf yfirmanns vaktar í vélarúmi og yfirmanns siglingavaktar á einni og sömu vaktinni; og
- .2 sá sem er við stjórn skal heita skipstjóri; og tilhögun við útgáfu annars konar skírteina má ekki rýra lagalega stöðu og lagalegt vald skipstjóra sem annarra.

4 Meginreglurnar sem finna má í 1. og 2. mgr. þessarar reglu eiga að tryggja að hæfni yfirmanna bæði á þilfari og í vélarúmi sé viðhaldið.

VIII. KAFLI

Vaktstöður.

Regla VIII/1

Hæfni til starfa

Með það fyrir augum að koma í veg fyrir þreytu skulu sérhver stjórnvöld:

- .1 ákveða reglur um hvíldartíma skipverja, sem standa vaktir, og sjá til þess að þeim sé framfylgt; og
- .2 gera um það kröfur að tilhögun á vöktum dragi ekki úr vinnugetu nokkurs skipverja á vakt vegna þreytu og að skyldustörf séu skipulögð með þeim hætti að menn á fyrstu vakt við upphaf sjóferðar og þeir sem taka við af þeim séu úthvíldir og að öðru leyti vinnufærir.

Regla VIII/2

Tilhögun vakta og meginreglur sem fara ber eftir

1 Stjórnvöld skulu vekja athygli féлага, skipstjóra, yfirvélstjóra og allra skipverja, sem standa vaktir, á þeim kröfum, meginreglum og leiðbeiningum sem settar eru fram í STCW-kóðanum og fara ber eftir til að tryggja að á öllum skipum, sem sigla á opnu hafi, sé ávallt staðin örugg, samfelld vakt eða vaktir sem eru viðeigandi við aðstæður og skilyrði á hverjum tíma.

2 Stjórnvöld skulu krefjast þess af öllum skipstjórum að með vaktaskipulagi sé tryggt að vakt eða vaktir séu öruggar, að teknu tilliti til aðstæðna og skilyrða á hverjum tíma, og að þeir hafi almennt eftirlit með því:

- .1 að yfirmenn á siglingavakt í brú beri ábyrgð á að skipinu sé siglt með öruggum hætti þegar þeir eru við skyldustörf, og að þeir séu þá ávallt sjálfir í brúnni eða í vistarveru næst henni, t.d. kortaklefa eða stjórnklefa í brú;
- .2 að fjarskiptamenn beri ábyrgð á því að staðin sé samfelld fjarskiptavakt á réttri tíðni þegar þeir eru við skyldustörf;
- .3 að yfirmenn vaktar í vélarúmir, samkvæmt skilgreiningum STCW-kóðans og undir stjórn yfirvélstjóra, séu ávallt tiltækir og viðbúnir að sinna verkum við

vélarnar og séu sjálfir í vélarúminu þegar þörf er á og þeir eru við skyldustörf; og

.4 að í öryggisskyni sé ávallt staðin viðeigandi og skilvirk vakt eða vaktir þegar skipið liggur við akkeri eða landfestar, og flytji skipið hættulegan farm sé skipulag slíkrar vaktar eða vakta með þeim hætti að fullt tillit sé tekið til eðlis, magns, umbúða og hleðslu þessa hættulega farms og til hvers kyns sérstakra skilyrða um borð, á sjó eða í landi.